

Augað sem „prófunarstaður“

Um illsku og aflausn í sögunni
„The Displaced Person“ eftir Flannery O'Connor

Sagan „The Displaced Person“ (1955) eftir Flannery O'Connor gerist á bóndabæ í Georgíu rétt eftir síðari heimsstyrjöldina.¹ Prestur kemur að bænum, sem er í eign ekkjunnar frú McIntyre, með flóttafólk frá Póllandi í bílnum sínum, eða eiginmann, eiginkonu og tvö börn þeirra.² Titillinn „The Displaced Person“ vísar í nokkrar áttir, sérstaklega til eiginmannsins sem er sú miðja sem sagan hverfist um. Einnig mætti túlka titilinn á þann hátt að hann eigi við um margar persónur verksins, ákveðnar kringumstæður eða jaðarsetningu almennt. Titillinn mætti þýða sem „Vergangsmaðurinn“, en að vera á vergangi vísar einnig til þess sem er landflótta, á sér ekki fastan samastað, er heimilislaus, útskiptanlegur eða tilfæranlegur.

Hér verður beint sjónum að því hvernig persónur sögunnar eru allar á vergangi eða útskiptanlegar, að einni undanskilinni, prestinum. Þær eiga það sameiginlegt að taka ekki eftir fegurð og heilagleika í umhverfi sínu, missa af raunverulegum gildum og verðmætum en beina í stað þess allri athygli sinni að því að tryggja eigin afkomu. Þær missa að lokum öryggi sitt, atvinnu og heimili og aðalpersóna sögunnar, frú McIntyre, tapar auk þess heilsu sinni en gefið er til kynna að hún öðlist náð og fái jafnvel aðgang að betra innra lífi.

¹ Nafnlausum ritrýnum *Ritsins* er þakkað þeirra framlag. Ástráði Eysteinssyni og Guðrúnu Steinþórsdóttur er þakkað kærlega góðar athugasemdir.

² Flannery O'Connor, „The Displaced Person“, *The Complete Stories*, New York: Farrar, Straus and Giroux, 1971 [1946], bls. 194–235, hér bls. 194–195. Vísað verður til sögunnar með blaðsíðutali fyrir aftan beinar og óbeinar tilvitnanir. Þýðingar á tilvitnunum úr sögunni eru mínar eigin.



Ritid

1. töl. 25. árg. 2025 (11-28)
Ritrynd grein

© 2025 Ritid, tímarit Hugvísindastofnunar og
höfundur greinarinnar

Útgefandi:
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.
Tengiliður: ritid@hi.is

DOI: 10.33112/ritid.25.1.2
Birt samkvæmt skilmálum
Creative Commons BY (4.0).

Frú Shortley og eiginmaður hennar, herra Shortley, eru vinnufólk frá McIntyre sem á í fjárhagsvanda, og eru hennar hægri hönd í rekstri á búgarðinum. Því er lýst strax í upphafi að koma pólska flóttafólksins ógni öryggi hjónanna sem óttist um afkomu sína og atvinnu. Pólski vinnumaðurinn Guizacs reynist dugnaðarforkur og frú McIntyre áttar sig á því að hún getur sparað peninga með vinnuframlagi hans. Ýmislegt gerist þó að baki vinnuveitandanum. Vinnufólkið drýgir tekjur sínar og notar landareign hennar til þess að búa sér til verðmæti. Pólverjinn tekur þó ekki þátt í slíku og vinnur sér inn traust eigandans. Þessi samskipti byggja upp spennu í sögunni. Frú Shortley er farin að líta svo á að Pólverjar séu rót alls hins illa, á meðan frú McIntyre áttar sig á því að Guizacs-fjölskyldan er gullgæsin hennar. Hún þurfi því að láta einhvern fara til að geta borgað þeim betur og segir við prestinn að hún ætli að reka herra Shortley (211). Frú Shortley heyrir samræðurnar og hjónin ásamt börnum þeirra, flýja vistina áður en þeim er sagt upp. Herra Guizac reynist hins vegar ekki jafn fullkominn og landeigandinn taldi því það kemur í ljós að hann er að reyna að „selja“ Sulk, ungum svörtum vinnumanni, frænku sína í hjónaband en hún er sextán ára gömul. Herra Guizac ver sig með því að benda á að stúlkan sé í vinnubúðum í Póllandi og eigi enga aðra möguleika. Eigandi búans segist munu reka hann bakki hann ekki út úr þessu. Herra Shortley mætir aftur til vinnu og hefur nú misst eiginkonu sína sem fékk hjartaáfall. Hann segir að Pólverjinn hafi drepið hana (227). Herra Shortley fær vinnu sína aftur og frú McIntyre, sem ætlar að láta Guizac fara, getur ekki verið án hans svo hún frestar því endalaust. Herra Shortley ýtir á hana að losa sig við hann sem endar þannig að herra Shortley stígur upp í traktor og í því sem er lýst sem hálfgerðum ástríðuglæp í sögunni, hoppar út úr vinnuvélinni og lætur hana keyra yfir Guizac sem liggur á jörðinni undir minni traktor niðursokkinn í viðgerðir. Vitni eða hálfgerðir samsærismenn í þessu morði eru frú McIntyre sem varar Pólverjann ekki við í tæka tíð, og drengurinn Sulk.

Greinin rannsakar meðal annars það hvernig manneskjur bregðast við því að missa öryggi sitt, standa uppi án heimilis, atvinnu og heilsu og þurfa jafnvel að þiggja ölmusu frá öðrum. Sagan varpar ljósi á viðbrögð við þjáningu og því að hafa orðið vitni að og tekið þátt í illum gjörðum.

Höfundareinkenni O'Connor

Sagan ber með sér mörg af höfundareinkennum Flannery O'Connor. Líkt og í mörgum sögum sínum dregur hún upp mynd af guðlausum heimi, einhvers konar stað þar sem góðmennskan er prófuð og rannsökuð. Persónur hennar lenda í eða koma sér gjarnan í öfgafullar aðstæður, sem kalla fram viðbrögð,

til dæmis gæsku eða náð (e. *grace*) sem þær sýna þegar þær standa frammi fyrir hrottafullu ofbeldi eða hegðun. O'Connor rannsakar meðal annars trú, trúleysi, illsku vegna kynþáttamismunar í heimi sem hefur gleymt því að Guð sé veruleiki. Einnig skoðar hún falsanir, blekkingar og styður þá hugmynd að maðurinn sé syndugur eða gallaður í eðli sínu og þurfi á nærveru og náð Guðs að halda. Þannig segir fræðimaðurinn og rithöfundurinn Jonathan Rogers að hrátt efni sagna skáldkonunnar hafi verið lægsti samnefnari amerískrar menningar. Furðuleiki hennar sem höfundar hafi verið sérkenni spámansins. Rödd hennar hafi verið sú sem öskrar í eyðimörkinni.³ Hún hafi samþykkt það að vera misskilin og hafi skrifað sögur sem voru yfiringilegar (e. *shocking*), ekki þrátt fyrir kristna trú sína heldur vegna hennar. O'Connor hafi séð að heimurinn væri laskaður og stæði utan lagfæringar eða skyndilegrar andlegrar upplýtingar. En að um væri að ræða heim þar sem yfirsilvitleikinn (e. *transcendence*) væri sífellt við það að brjótast í gegn hvort sem hann væri velkominn eða ekki.⁴ Ögrun O'Connor og köllun hennar hafi falist í því að bjóða heiminum upp á sannleika trúarinnar þegar hann virðist hafa glatað getu sinni til þess að sjá og skilja slíkan sannleika.

Samkvæmt Jonathan Rogers miðlar O'Connor myrkri sýn sinni á þann stað sem nútímamaðurinn var og er staddur á: „Í einhverjum skilningi þá er sjúkleiki staður sem kennir manni meira heldur en löng ferð til Evrópu gerir og hann er alltaf staður þar sem ekki er að finna neinn félagsskap, þangað getur enginn fylgt manni“.⁵ Jafnframt hafi slíkt myrkur boðið upp á möguleika á því að rísa yfir það. Rogers segir að ofbeldið, skyndileg dauðsföll, og ljótleikinn sem O'Connor dragi fram í skáldskap sínum séu stórar myndir dregnar fram fyrir fólk sem er næstum blint. Ef sögurnar ógna hefðbundnu siðferði þá er það vegna þess að guðspjallið sjálft ögrar hefðbundnu siðferði. Náð er og verður eitthvað sem er hneykslalegt í eðli sínu og hefur alltaf verið það. Líkt og sjá má á því að Jesús hafi náðað holdsveika, kripplinga, vændiskonur og aðra sem þóttu vera fordæmdir.⁶

O'Connor sagðist sjálf hafa skrifað um svokölluð skrípi eða frik (e. *frecks*) og hún neyddi þau til þess að horfa á sinn eigin ljótleika. Skrípin standa fyrir okkur sjálf og eru mótuð af upprunasyndinni. Við erum öll „veikgeðja og særð, lasin og aum ... týnd og ónýtt eftir fallið“.⁷ Afbrigðileikinn og ofbeldið í sögum hennar,

³ Jonathan Rogers, *The Terrible Speed of Mercy*, Nashville: Thomas Nelson, 2012, bls. 9.

⁴ Sama heimild, bls. 10.

⁵ Sama heimild, bls. 31.

⁶ Sama heimild, bls. 10.

⁷ „All of us are weak and wounded, sick and sore ... lost and ruined by the fall“. Sama heimild, bls. 11. Jonathan Rogers vitnar hér í sálm eftir Joseph Hart frá 1759: „Come, Ye Sinners, Poor and Needy“.

sem er svo oft miskilið og talið vera mannfyrirlitning, reynist vera ákall eftir miskunn. Guðfræðingurinn og bókmenntafræðingurinn Ralph Wood minnir á að O'Connor hafi ekki láðast að mannkyninu sem tegund í heild sinni og að bera mætti saman viðhorf hennar við heimspeki Dostojevskís.⁸ Öldungurinn Zósíma segir eftirfarandi í samræðum við landeigendafrúna ríku í *Karamazov bræðrunum*: „því meira sem ég elska mannkynið yfirleitt, því minna er mér gefið um fólk í stykkjatali, það er að segja einstaklinga [...] því meira sem ég hef hatað einstaklinga, því heitari hefur ást mín orðið á mannkyninu í heild“.⁹

Mikilvægt er hér að árétta vegna ítrekaðrar notkunar O'Connor á hinu gildishlaðna „n...orði“, að þrátt fyrir að mörgum finnist það óheppilegt, þá er skáldkonan ekki talin hafa verið að nota það í rasískum tilgangi. Ralph C. Wood leggur áherslu á að O'Connor hafi ekki verið rasisti, hvorki á pólitískum forsendum né trúarfræðilegum. Þvert á móti hafi hún sem rithöfundur boðið upp á, þó ekki án freistingar og ákveðinnar glímu, móteitur við rasisma.¹⁰ Hann ræðir þó að það sé truflandi hversu oft hún grípi til hins lítilmannlega „n...“ orðs. Hvítt Suðurríkjafólk á sjötta áratugnum hafi ekki notað orðið með reglubundnum hætti og það hafi almennt verið talið vera særandi á djúpstæðan hátt fyrir svart fólk.¹¹ Rasískt ofbeldið og biturleikinn sem mótaði umdæmi O'Connor hafi þó aðeins verið partur af þeim ógnvekjandi og hræðilega heimi sem hún dró fram. Hún hafi skoðað kynþáttafordóma sem hluta af rótgróinni og banvænni tegund af illsku.¹²

Bandaríska fræðikonan Jessica Hooten Wilson segir í bók sinni *Giving the Devil his Due* að O'Connor leggi áherslu á að mannlegt stolt og þráin til þess að leiðrétta ófullkominn heim Guðs geti falið í sér ofbeldi. Í verkum sínum undirstriki rithöfundurinn að höfnunin á Guði sé rót allra vandamála.¹³ Hún dragi

⁸ Ralph C. Wood, *Flannery O'Connor and the Christ-Haunted South*, Cambridge: Wm.B. Eerdmans Publishing Co., 2004, bls. 100.

⁹ Fjodor Dostojevskí, *Karamazov bræðurnir*, þýðandi Ingibjörg Haraldsdóttir, Reykjavík: Mál og menning, 1990, bls. 68.

¹⁰ Ralph C. Wood, *Flannery O'Connor and the Christ-Haunted South*, bls. 95.

¹¹ Sama heimild, bls. 99. Ralph Wood virðist hér ekki vera að gera athugasemdir um það hvernig orðið er notað í skáldskap hennar heldur fremur í einkabréfum en leggur þó áherslu á að frjálst notkun á þessu orði, líkt og hjá listamönnum, geti falið í sér að fólk verði ónæmt og tilfinningalaust gagnvart illskunni sem beindist gegn svörtu fólki á tímum aðskilnaðarstefnunnar. Benda má á að við erum ekki enn þá komin út úr aðskilnaðarstefnunni.

¹² Ralph C. Wood, *Flannery O'Connor and the Christ-Haunted South*, bls. 1.

¹³ Jessica Hooten Wilson, *Giving the Devil his Due. Demonic Authority in the Fiction of Flannery O'Connor and Fyodor Dostoevsky*, Eugene, Or: Cascade Books, 2017, epub, loc. 44.

upp guðlausan heim í sögum sínum en hluti af því sé án efa leið höfundarins til þess að draga upp raunsæislega mynd af samtíma sínum.¹⁴ Wilson leggur áherslu á að samkvæmt O'Connor sé hættan sú að þegar Guði hafi verið steypt af stalli í nútímalegu vestrænu samfélagi, muni skurðgoðadýrkun ríkja yfir öllu og ofbeldi eigi hægara með að breiðast út.¹⁵

Flannery O'Connor er að bregðast við guðlausum tíma í sögum sínum.¹⁶ Hér má minna á fyrirferðarmiklar hugmyndir um þróun mannsins sem urðu miðlægar eftir að Charles Darwin kom fram með verk sitt, *Uppruni tegundanna* árið 1859. Velski fræðimaðurinn og rithöfundurinn John Barnie ræðir í bók sinni *No Hiding Place*, áfallið eða eyðuna sem myndaðist þegar hugmyndir Darwins um þróun mannsins rákust á við kristinn og trúarlegan skilning á manninum sem veru skapaða af Guði. Darwinískar kenningar hafi breytt því til frambúðar hvernig við lítum á okkur sjálf. Kristin andstæða við Darwin hafi ekki bara sprottið af því að mótmæla kenningum um eðli náttúrunnar, heldur um eðli mannkynsins sem tegundar.¹⁷ Þróunarkenningin geri lítið úr okkur og við þurfum að gefa það upp að við séum öðruvísi en aðrar tegundir, að við séum einstök. Barnie bendir á að eftirmenn Darwins, sem halda kyndli hugmynda hans á lofti á síðustu árum séu líffræðingar á borð við Edward O. Wilson. Samkvæmt Wilson sitjum við uppi á okkar tímum með varanlega mótsögn trúarinnar. Mótsögnin felst í því að kjarni trúarinnar sé sannarlega falskur en reynist þrátt fyrir það vera það afl sem keyrir flest samfélög áfram. Þessi þverstæða hefur rekið fleyg inn í nútímalega siðmenningu. Við getum ekki lengur lifað af í þróuðum samfélögum án vísindanna en við virðumst heldur ekki geta lifað við heimspekilegar ályktanir okkar. Maðurinn virðist frekar vilja trúa en vita.¹⁸

Þessar hugmyndir ríma einnig við byltingarkennda heimspeki Nietzsche um

¹⁴ Sama heimild, loc. 62.

¹⁵ Jessica Hooten Wilson, *Giving the Devil his Due*, loc. 56.

¹⁶ Flannery O'Connor stundaði reglulegar bréfaskriftir og viðhorf hennar til Suðurríkjanna, trúarbragða og skáldskaparins koma glögglega fram í þessum skrifum hennar. Sjá Flannery O'Connor, *The Habit of Being*, ritstjóri Sally Fitzgerald, New York: Vintage Books, 1979. Í pistlasafninu *Mystery and Manners* koma meðal annars fram viðhorf skáldkonunnar til skrifa, Suðurríkjanna, gotneska hryllingsins, fugla, trúarinnar og hlutverks kirkjunnar. Einnig má á stöku stað í pistlum hennar greina óþol yfir því hvernig verk hennar eru mistúlkuð og misskilin. Sjá Flannery O'Connor, *Mystery and Manners* [1957], ritstjóri Sally Fitzgerald og Robert Fitzgerald, New York: Farrar, Straus & Giroux, 1962 bls. 47.

¹⁷ John Barnie, *No Hiding Place. Essays on the New Nature and Poetry*, Cardiff: University of Wales Press, 1996, bls. 59.

¹⁸ Sjá Edward O. Wilson, *On Human Nature*, Cambridge og London: Harvard University Press, 2004, rafbók, loc. 194–198.

Guð sem segir í verki sínu *Andkristur* að Guð hinna kristnu sé „guð hinna veiku [...] dýrkun á tóminu“, að við höfum gert tómið að okkar dýrungi: „viljinn til tóms [sé] tekinn í dýrlingatölu!“¹⁹ Wilson tekur einmitt undir orð Nietzches um að maðurinn vilji frekar sjá tilgang í tóminu heldur en að skorta tilgang. Orð sem eru eflaust einnig túlkun á því sem Nietzsche hefur sagt um djúpið: „Og ef þú horfir lengi inn í botnlaust djúp, fer djúpið líka að horfa inn í þig.“²⁰

Inn í slíkan hugmyndaheim, glímuna við guð og guðleysi, tómið og skort á trú á handanheiminn, þrá eftir helgidómi, vangetu að trúa á slíkt en um leið djúpstæða þörf á því að finna tilgang með lífinu þrátt fyrir kynþáttahyggju, heimsstyrjaldir og útrýmingarþúðir, birtast árættukenndar hugsanir sem margir samtímamenn O'Connor voru að máta við sína samvisku. Ralph C. Wood segir að O'Connor hafi fundið lyktina af trúarlegu tómarúmi, menningarlegu hylðýpi, siðferðilegu einskismannslandi, líkt og Nietzsche hafi gert einni öld fyrr, þegar hann hafi lýst því yfir að hann gæti fundið þefinn af rotnandi líkama Guðs í nasaholum sínum.²¹

O'Connor hafi þó trúað því að djúpstæðar sögulegar rætur umdæmis hennar (Suðurríkjanna) í heilagri ritningu ásamt tragískri sýninni sem Þrælastríðið hafði í för með sér, hafi verndað svæðið frá útþynningu á trúarsannfæringunni.²² Skáldkonan sjálf virðist hafa talið að æðri tilgang væri að finna í því að skrifa um ofbeldisverk og grimmd og að venjulegt, gallað fólk, gæti risið upp þegar það stæði frammi fyrir andlegum áskorunum. Djúpstætt áfall við að vera vitni að skelfilegum hrottaskap getur að hennar mati dregið fram náð eða miskunnsemi og má það að einhverju leyti sjá í verkum hennar.

Guðlaus heimur sögunnar

Sagan „The Displaced Person“ hefst á orðunum: „Páfuglinn var að elta frú Shortley“. Samband persónanna við páfuglinn er táknrænt og stendur hann fyrir fegurð, yfirsilvitleika, varanleika og helgidóm sem persónur verksins missa af,

¹⁹ Sjá Friedrich Nietzsche, *Andkristur*, þýðandi Pálína S. Siguðardóttir, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2023, bls. 100. Sigríður Þorgeirsdóttir segir að andstætt Shopenhauer hafi Nietzsche verið á þeirri skoðun að heimurinn hafi ekkert siðferðilegt gildi í sjálfu sér. Sjá Sigríður Þorgeirsdóttir, „Inngangur“, Friedrich Nietzsche, *Andkristur*, þýðandi Pálína S. Siguðardóttir, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2023, bls. 9–74, hér bls. 23–24.

²⁰ Fyrri hluti orðskviðarins hljómar svo: „Sá sem berst við skrímsli ætti að gæta þess að hann verði ekki sjálfur að skrímsli“. Sjá Friedrich Nietzsche, *Handan góðs og ills. Forleikur að heim-speki framtíðar*, þýðandi Þröstur Ásmundsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1994, „nr. 146“, bls. 200.

²¹ Ralph C. Wood, *Flannery O'Connor and the Christ-Haunted South*, bls. 1–2.

²² Sama heimild, bls. 105.

að prestinum undanskildum, sem virðist sjá örlítið lengra og er minna gallaður en aðrir í sögunni. Frú Shortley er ein af þeim persónum sem sjá ekki fegurð í umhverfinu þótt hún sé allt um kring. Hún er að glápa á svartan bíl koma í gegnum hliðið á bænum en á bak við hana stendur fuglinn. Því er lýst hvernig stél páfuglsins glitri grængyllt og blátt í sólarljósinu og að athygli fuglsins hafi beinst ákaft út í loftið að „einhverju sem enginn annar gat séð“ (194).

Frú Shortley er eiginkona vinnumanns frú McIntyre, og virðist vera einhvers konar félagi hennar líka. Hún skapar strax í upphafi tortryggilegt andrúmsloft á bænum gagnvart aðkomumönnunum, Pólverjunum. Hún gefur til dæmis til kynna við Astor, sem er eldri svartur vinnumaður, að hann þurfi að óttast öryggi sitt við komu Pólverjans og uppnefnir hann jafnframt „vergangsmann“ eða „Displaced Person“. Þegar Astor spyr frú Shortley hvað hún eigi við með þessu orðatiltaki þá svarar hún: „Það merkir að þau eru ekki þar sem þau fæddust og þau hafa engan stað að fara á, líkt og ef þú værir hrakinn burt héðan og enginn myndi vilja hafa þig“ (199). Gamli maðurinn segir: „Samt virðast þau vera hér [...]. Ef þau eru hér, þá eru þau einhvers staðar“. En frú Shortley gefur sig ekki: „Þau eru ekki þar sem þau tilheyra“, svarar hún (199).

Frú Shortley sér þó í fyrstu ákveðin tækifæri í aðkomufólkinu, að því er virðist vegna langana sinnar til að losna við svarta vinnufólkið, koma því burt á stað þar sem þau „tilheyra“. Þannig virðist hún ljúga að Astor þegar hún telur honum trú um að frú McIntyre hafi sagt að koma Pólverjanna „muni búa til guðlegan ótta í brjóstum þessara duglausu n...“ (199). Frú Shortley fylgist vel með öllu því sem gerist á bænum og leitast við að stýra á bak við tjöldin. Hún setur fjölskylduna strax í samhengi við það sem hún er að lesa og ljósmyndirnar sem birtast í dagblöðunum þaðan sem þau koma. Í blöðunum hafði hún „séð herbergi þar sem dauðum, nöktum líkömunum var staflað hátt upp í eina hrúgu, handleggir og fætur flæktir saman, haus þar, fótur, hné, líkamshluti sem ætti að vera breitt yfir, standa út, hönd á lofti sem rígheldur í ekkert“ (196). Því er jafnframt lýst þannig í sögunni að hún fái „skyndilegt innsæi“ (e. *intuition*) þegar hún sér pólsku fjölskylduna. Þau séu eins og „rottur með taugaveiki. Og þau gætu hafa tekið þessa manndrápsaðferð yfir vatnið með þeim, beint hingað“ (196).

Frú Shortley er, rétt eins og flestar aðrar persónur, ónæg á fegurðina í umhverfinu, og sér ekki þegar páfuglinn breiðir út vængi sína í sólinni. Í staðinn er lögð áhersla á „innri sýn“ hennar (e. *inner vision*). Á meðan fuglinn baðar sig í gylltu sólarlagi hugsar frú Shortley um það hvernig svarta fólkið á staðnum gæti orðið að útskiptanlegu vinnuafli sem megi hrekja á brott þegar skárri kostur er í boði, líkt og flóttafólk frá Póllandi. „Hún sá tíu milljónir þeirra ryðja sér leið á nýjan stað hingað og sjálfa sig, risaengil með vængi jafnbreiða og húsið, sem

segir við svertingjana að þeir þurfi að finna sér annan stað. Hún sneri sér íhugul að kornhlöðunni, svipurinn á andliti hennar háleitur og sáttur“ (200). Sjá má að þarna í sögunni er persónan að gæla við það að losna við svörtu vinnumennina, að því er virðist, en hún skiptir síðan um skoðun vegna þess að Pólverjinn ógnar hennar eigin stöðu og eiginmanns hennar, og gerir þá sitt besta til að losna við „vergangsmanninn“.

Segja má að frú Shortley stýri atburðarásinni ásamt prestinum sem stendur þó til hliðar við atburðina sem áhorfandi. Gefið er til kynna í sögunni að illskan í verkinu nái tókum á ákveðnum persónum líkt og einhvers konar „djöfull“ sé að stýra þeim, sérstaklega þegar kemur að frú Shortley og eiginmanni hennar. Frú McIntyre treystir frú Shortley næstum í blindni og sér ekki klækjabrögð hennar. Pólski faðirinn, herra Guizac, reynist duglegur, ósérhlífinn og klár vinnumaður, flinkur á vélarnar, góður smiður, múrari sem var einnig hagsýnn og orkumikill (201). Frú Shortley reynir að sannfæra eigandann um að losa sig við pólsku fjölskylduna og halda frekar í svarta vinnufólkið. Í samræðum á milli þeirra er gefið til kynna að frú Shortley sé undirföllum og slóttugur plottari sem notfærir sér meðvirkni eigandans.

Frú McIntyre fer stundum með orðskviði frá fyrrverandi eiginmanni sínum sem er látinn og er kallaður Dómarinn (e. „*the Judge*“). Þegar frú Shortley minnir eigandann á að hún muni þurfa að losa sig við Póverjann til að halda rekstrinum gangandi er rætt hvernig frú McIntyre vitni sí og æ í Dómarann og speki hans. Um er að ræða málshætti á borð við: „Eins dauði er annars brauð“. Og einnig: „Sá djöfull sem þú þekkir er betri en djöfull sem þú þekkir ekki“ (208). Áhugavert er að sú djöflaspeki Dómarans er endurtekin af frú Shortley á þessu augnabliki í sögunni og sagt er að hún hafi „þurft að snúa sér undan til að frú McIntyre sæi hana ekki brosa“ (208). Þar með er gefið til kynna að frú Shortley sé að vísa til svarta vinnufólksins með orðum sínum, en hún hefur áður í samræðunum bent á hversu meðfærilegt það sé og hlýðið (208). „Sá djöfull sem þú þekkir“, sé því skárri kosturinn í stöðunni. Bros frú Shortley þarna afhjúpar hins vegar afstöðu hennar til svarta fólksins, kynþáttahyggju og það hversu gaman hún hefur af bágborinni stöðu þeirra.

Eitt einkenni guðlausra tíma, að mati sumra fræðimanna sem fást við trúarbrögð, er það að Satan hafi orðið að áþreifanlegri persónu, í staðinn fyrir að hugsað sé um djöfulinn sem fulltrúa þess sem er illt eða ósiðlegt og fyrirbæri sem búi innra með okkur. Í *The Death of Satan* segir rithöfundurinn og próffessorinn Andrew Delbanco frá því að hugmyndin um Satan hafi horfið úr bandarískri menningu.²³ Hann virðist einnig telja samtímamann hafa ákveðin einkenni

²³ Andrew Delbanco, *The Death of Satan. How the Americans Have Lost the Sense of Evil*, New York: Farrar, Strauss og Giroux, 1995, bls. 4.

sem venjan er að tengja við Satan, líkt og sjálfsdramb. Sjálfsdramb og ofurtrú á sjálfan sig sem hafi verið talið vafasamt, jafnvel illt, sé nú ekki aðeins réttmæt tilfinning heldur óvæfengjanlegur Guð í Bandaríkjunum og feli í sér nokkurs konar ný trúarbrögð og dyggð.²⁴

Höfundarrödd sögunnar gefur til kynna mikla fjarlægð frá frú Shortley sem verður í samhengi atburða og orða hennar að talsmanni illsku og vafasamra skoðana sem leiða til þess að harmrænir atburðir eiga sér stað. Pólverjinn, „vergangsmáðurinn“, kemur lífinu á staðnum úr jafnvægi. Persónurnar hafa tækifæri til þess að mæta hræðslu sinni, rísa upp, láta hana í ljós og bregðast við. Höfundurinn sjálfur hefur lagt áherslu á að augað sé „prófunarstaður“ (e. *testing point*) þar sem allt fer fram; mótun persónuleikans og skilningur þess á heiminum, og vitnar í guðfræðinginn Romano Guardini sem hefur sagt að rætur augans búi í hjartanu.²⁵ Mögulega rímar þessi speki að einhverju leyti við orð franska stærðfræðingsins Blaise Pascal, sem O'Connor hélt upp á: „Ef ég hefði ekki þekkt þig, þá hefði ég ekki fundið þig.“²⁶ Segja má að báðir málshættir gangi út á að bera kennsl á, hvort sem það er, hið vonda í kringum þig eða gæskuna og að reglulega sé verið að prófa okkur í lífinu, reyna á góðmennsku okkar og réttlæti. Í sögunni kemur það fram er varðar illsku, að hver bendir á annan og tekur ekki ábyrgð.

Shortley-hjónin verða eins og aðrir að útskiptanlegu fólki eða vinnuafl, og þau hjónin ákveða að flyja vistina að næturlagi, til að verða ekki rekin. Síðar í sögunni kemur herra Shortley hins vegar allt í einu aftur á bæinn og hefur misst eiginkonu sína sem fékk hjartaáfall. Hann segir við frú McIntyre: „Ég áttaði mig á því að þessi Pólverji drap hana“, og bætir við: „hún sá í gegnum hann frá fyrsta degi. Hún vissi að hann kæmi frá djöflinum. Hún sagði mér það“ (227). Gefið er til kynna að eiginmaðurinn komi aftur á bæinn til þess að hefna sín á Pólverjanum. Frú McIntyre ákveður að losa sig við „vergangsmanninn“ að hluta til vegna þess að hún kemst að því að hann reynir að selja Sulk hina pólsku frænku sína. Það reynist hins vegar hægara sagt en gert að reka hann, vegna þess hversu duglegur hann er og ómissandi.

²⁴ Sama heimild, bls. 57–58.

²⁵ Sama heimild, bls. 144. Hér má einnig minna á persónuna Hazel Motes í skáldsögunni *Wise Blood* sem er einstaklingur sem hermír eftir Jesú og öðlast þekkingu með því að ráðast á eigin líkama og verður við það nokkurs konar írónískur píslarvottur. Þegar hann hefur blindað sjálfan sig með því að nota brenndan kalkstein, segir hann: „ef augu þín eru botnlaus, þá grípa þau meira“ („if there is no bottom in your eyes, they hold more“). Blind augu hans geti nú tekið á móti endalausri og botnlausri þekkingu guðdómsins sem liggur handan hins sýnilega heims. Sjá Flannery O'Connor, *Wise Blood*, New York: Farrar, Strauss and Giroux, 1962, loc. 145.

²⁶ Sjá Flannery O'Connor, *Mystery and Manners*, bls. 160.

Þegar O'Connor var spurð að því af hverju rithöfundar frá Suðurríkjum Bandaríkjanna skrifi um skrípi svaraði hún að það væri vegna þess að þau væru til. Til þess að þekkja skrípin þarftu hins vegar að hafa tilfinningu fyrir manni sem er heill. Það sé þó ekki fyrir en við erum farin að líta á skrípið sem persónu sem standi fyrir okkar eigin útskiptanleika sem það öðlist dýpt í bókmenntunum.²⁷ Með öðrum orðum ættum við sem lesendur að bera kennsl á umhverfi okkar og ekki síður okkur sjálf í skrípunum hennar, ef við horfumst í augu við eigin takmarkanir.

Herra Shortley minnir frú McIntyre reglulega á hversu hættulegur Pólverjinn er, til þess að hún taki af skarið og losi sig við hann: „Einn daginn mun hann kaupa þig út og selja ofan af þér“, segir hann (230). Samviskan er að naga frú McIntyre. Nærvera útlendingins vekur stöðugt upp óþægileg hugrenningar-tengsl og hún verður ófær um að taka ákvarðanir er varða hana sjálfa og framtíð eignar hennar. Hún á orðið erfitt með að borga reikninga, heilsa hennar er að fjara út og hún sefur ekki á nóttunni því hana dreymir vergangsmanninn: „Hún hefur aldrei leyst neinn frá störfum; þau höfðu alltaf farið frá henni“ (231). Hana dreymir líka prestinn, sem verður rödd samviskunnar í verkinu. Í ímynduðum samræðum við hann biður hann hana um að íhuga hjarta sitt og varar hana við með þessum orðum: „Hugsaðu um að þau eru þúsundir, hugsaðu um ofnana og flutningalestirnar og veiku börnin og Krist Guð okkar“. Í huganum svarar frú McIntyre: „Hann er auka og hann hefur raskað jafnvæginu hér“ (231). En orð prestsins óma áfram og endurtaka sig: „Ofnarnir og flutningalestirnar og veiku börnin“, suðar hann, „Og okkar dýrmæti Guð“ (231). Sagan leggur öðrum þræði áherslu á að fólk missi gildi sitt um leið og það hættir að þjóna tilgangi sínum en öfgafyllsta dæmið um skort á mannhelgi í þessari sögu eru útrýmingarþúðirnar.

Nád sem viðbrögð við þjáningu

Nokkrum sinnum er lögð áhersla á það að frú Shortley sjái ekki mikilfengleika páfuglsins sem sýnir listir sínar að því er virðist fyrir hana. Hún er með „augu sem sjá ekki“ stél fuglsins (200). Stél hans hangir beint fyrir framan hana „fyllt ógurlegum plánetum með augum sem hvert fyrir sig voru umlukin grænum lit, stillt upp andspænis sól sem var gyllt eina stundina en laxalituð aðra“ (200). Einnig er bent á að frú Shortley gæti verið að horfa á „kortið af alheiminum“ en að hún taki ekki eftir því.

²⁷ Sama heimild, bls. 45. O'Connor orðar þetta þannig: „[W]hen the freak can be sensed as a figure for our essential displacement that he attains some depth in literature“.

Presturinn hefur sérstöðu í verkinu að því leyti að hann er sá eini sem tekur eftir páfuglinum, er annnt um hann og sér fegurðina í nærheiminum sem miðlað er þegar fuglinn er nálægt. Presturinn virðist hafa lítinn áhuga á umræðu um pólska verkamanninn eða á praktískum áhyggjuefnum frá McIntyre um að herra Guizac komi ekki saman við svarta vinnumenn hennar og sé að eyðileggja andrúmsloftið. Presturinn segir einfaldlega að herra Guizac þurfi tíma og muni læra að falla inn í hópinn. Hann skiptir síðan um umræðuefni og spyr: „Hvar er fallegi fuglinn þinn“ rétt áður en hann kemur auga á páfuglinn og hænuna (225). Áður en hann stendur upp og fer, segir hann við frá McIntyre að herra Guizac „eigi sér ekkert annað athvarf“ og „að hann viti að hún muni ekki henda honum út fyrir smámuni“ (225). Það er hins vegar ekki alveg ljóst hvort presturinn er að tala um herra Guizac hér eða sé að vísa í táknræna stöðu páfuglsins því lögð er áhersla á að hann tekur ekki augun af fuglinum þegar hann segir þessi orð. Jafnframt segir í sögunni:

Karlfuglinn stoppaði skyndilega, sveigði hálsinn aftur, lyfti fjöðrunum og breiddi þær út með glitrandi, ómandi hávaða. Örlítil upphækkandi, þunguð sól flæddi í grængylltri móðu yfir höfði hans. Presturinn stóð agndofa, kjálkinn hans slakur: „Kristur mun koma þannig!“ Sagði hann með hárrí glaðlegri röddu og þurrkaði munnvikin og stóð þar glápanði (226).

Frú McIntyre heldur áfram að ræða um Guizac og heimilisleysi hans og segist ekki „bera ábyrgð á öllu fólkinu í heiminum sem er umfram“. En gamli presturinn heyrir ekki því hann sér ekkert nema útbreitt stél fuglsins og muldrar svo: „ummyndunin“. Þegar frá McIntyre svarar að Guizac hafi ekki þurft að koma þangað segir presturinn fjarrænn: „Hann kom til þess að leysa okkur úr ánauð“ (226). Segja má að presturinn beri kennsl á helgidóm á vonlausum stað, þar sem enginn annar sér hann.

Páfuglinn er algengt trúarlegt eða íkónískt tákn í vestrænum heimi. Talið er að Forngríkkir hafi trúað því að húð páfuglsins rotnaði ekki eftir dauðann og var hann því tákn um ódauðleika. Hera, drottning guðanna og eiginkona Seifs, taldi páfuglinn og kýrina vera helg dýr. Vagn hennar var dreginn af páfuglum í stað hesta. Í kristni varð páfuglinn tákn fyrir upprisú Krists og eilíft líf og birtist oft á slíkan hátt í fornri list. Á miðöldum var talið að þegar páfuglar skipta um ham eða fella fjaðrirnar árlega, þá komi nýjar í staðinn sem séu fegurri.²⁸ Einnig var

²⁸ Jelena Andelković, Dragana Rogić og Emilija Nikolić, „Peacock as a Sign in the Late Antique and Early Christian art“, *Archaeology and Science* 6/2010, bls. 231–245, hér bls. 233.

talið að páfuglar gætu drepíð og borðað eitraða snáka, að eitrið ummyndaðist í litina í fjöðrum þeirra. Þá er páfuglinn oft settur í samhengi við bikar eða lífsins tré í myndlist miðalda. Í kirkjum eru birtingarmyndir af honum yfirleitt nálægt helgustu stöðunum líkt og altarinu eða fjaðurskraut þeirra sýnilegt á mósaikmyndum á kirkjugólfum. Umhverfi páfuglsins í myndlist er gjarnan innan Elysion-sæluríkis eða þá innan Eden og er þá stillt upp sem fuglum sem tilheyra Paradís eða himnaríki. Fjaðrir þeirra eru skreyttar með svokölluðum augum sem eiga að tákna stjórnur himinsins og standa fyrir eilífðina.²⁹

Áhugavert er að frú McIntyre býr sjálf til hugrenningatengsl á milli vergangsmannsins og Krists og segir í samræðum við prestinn: „Kristur var bara enn einn D.P.“ (229). Þannig reynir hún að þagga niður í trúartali hans og áhyggjum. Sagan sjálf tekur þó undir þá túlkun að „vergangsmáðurinn“ sem hugmynd sé helgur og eru tengingar búnar til á milli páfuglsins og Guizacs, bæði í myndmáli og orðum. Presturinn er jafnframt á nokkurs konar vergangi eða landlaus vegna þess að hann passar ekki inn í framanndi umhverfi sitt: „Presturinn talaði sjálfur ensku á útlenskan hátt, en líkt og háls hans væri fullur af heyi“ (198). Frú McIntyre er undir lok sögunnar orðin úrvinda og svefnvana. Hún lítur verr og verr út, „mjórri og eirðarlausari og ekki jafn skörp“ (230). Hún segist vilja losna við allt sitt fólk: „Þið eruð öll auka“ segir hún, „hvert ykkar einasta er auka“ (232). Þá virðist hún ekki þola Pólverjann af því að hann fer ekki af sjálfsdáðum (234). Morðið á Guizac lítur út fyrir að vera slys en er þó líklega skipulagt af herra Shortley. Stuttu eftir samræður um látna eiginkonu hans við Sulk, er sagt frá því að Shortley hafi horft á drenginn merkingarfullum, votum augum og sagt: „Hefdin er mín, segir Drottinn“. Hann hefur fengið Sulk með sér í verknaðinn án þess að það sé orðað upphátt á milli þeirra. Frú McIntyre verður einnig samsek með aðgerðarleysi sínu. Herra Shortley sest upp í stóra traktorinn, bakkar honum út úr skýlinu í átt að litla traktornum, setur hann lauslega í bremsu og stekkkur svo út (234). Bremsan rofnar og frú McIntyre horfir á, á meðan stóri traktorinn færast í áttina að þeim. Hún, ungi Sulk og herra Shortley horfa því á „slysið“ án þess að vara herra Guizac við:

Síðar mundi hún að hún hafði séð hljóðlátan svertingiann flýta sér úr vegi líkt og spíral úr jörðinni hefði látið hann lausan, og hún hafði séð herra Shortley snúa höfðinu og stara þögull yfir axlir hans og að hún hafði byrjað að kalla til vergangsmannsins nema að hún gerði það ekki. Hún hafði fundið augu sín og augu herra Shortley og augu

²⁹ Sama heimild, bls. 238.

svertingjans læsast saman í augnatilliti sem frysti þau í leynimakki það sem eftir er, og hún heyrði örlítið hljóð frá Pólverjanum þegar traktorshjólið braut hryggjarstykki hans. (234)

Síðan líður yfir frá McIntyre.

O'Connor segir að grundvallarreynsla allra sé reynslan af mannlegum takmörkunum. Hún taldi sig vera að nota ofbeldi og líkamshrylling í sögum sínum til þess að lýsa fólki sem verður fyrir óverðskuldaðri náð á ögurstundu. Skáldkonan hefur sagt að rithöfundurinn þurfi að gera spillingu trúverðuga áður en hann getur gert náðina merkingarfulla.³⁰ Hún segist jafnframt trúa því að allir upplifi endurlausn í gegnum þjáningu. Frekar en að spyrja hvers vegna þú þjáist ætti spurningin að vera hvernig ætti að bregðast við þjáningunni.³¹ Höfundurinn sjálfur segir að í sögum sínum, muni lesandinn geta séð að djöflinum takist að vinna mikla grunnvinnu sem virðist vera nauðsynleg til þess að náðin verði áhrifarík.³² O'Connor segir að um sé að ræða atburðarás þar sem djöfullinn hafi verið óviljandi handbendi náðar. Skáldskaparlegt viðfangsefni hennar sé það sem leiði til náðar á svæði þar sem djöfullinn sjálfur hafi yfirráðin.³³

Sumir ganga þó svo langt að telja að það hvernig O'Connor horfir inn í myrkrið geri hana demónska. Það minnir óneitanlega á orð René Girard um skáldið Fjodor Dostojevskij. Skáldið sé ekki djöfullinn sjálfur heldur málsvári andskotans eða *advocatus diaboli*. Hann kenni hið ranga til að benda okkur á það sem er rétt.³⁴ Þessi aðferð líkist einnig því hvernig Milton teflir Satani fram í *Paradísarmissi*. Fræg er setning breska ljóðskáldsins Williams Blake sem sagði: „hann [Milton] var ósvikið skáld og í liði djöfulsins án þess að vita það“.³⁵ O'Connor leggur sjálf áherslu á að endurlausnin í verkum hennar feli í sér aðkomu hins illa; ekki einfaldlega algild illska, fullkomin illska eða hrein illska, heldur illir vitsmunir sem stýra í krafti yfirráða sinna.³⁶ Þetta virðist merkja að illskan sem er alls staðar, leiki stórt hlutverk í því að manneskur geti átt möguleika á því að verða betri líkt og sjá má í sögunni „The Displaced Person“.

³⁰ Sjá Jessica Hooten Wilson, *Giving the Devil his Due*, loc. 122.

³¹ Sama heimild, loc. 120.

³² Flannery O'Connor, *Mystery and Manners*, bls. 117.

³³ Sama heimild, bls. 118. O'Connor kvartar jafnframt yfir því að verkin hennar séu lesin af fólki sem leggur ekki mikið upp úr náð eða djöflinum.

³⁴ Rene Girard, *Resurrection from the Underground. Feodor Dostoevsky*, ritstjóri og þýðandi James. G. Williams, East Lansing: Michigan State University Press, 2012, bls. 69–70.

³⁵ William Blake, *The Marriage of Heaven and Hell. In Full Color*, New York: Dover Publications, INC. 1994, loc. 31: „[H]e was a true Poet, and of the Devil's party without knowing it“.

³⁶ Flannery O'Connor, *Mystery and Manners*, bls. 168.

Sagan endar á þann hátt að eftir andlát herra Guizac lætur herra Shortley sig hverfa á brott og Sulk fer suður á bóginn. Frú McIntyre hefur svo fljótlega eftir það enga aðstoð, hún selur kýrnar sínar með tapi og missir heilsuna. Hún lamast á fæti og höndum, fær skjálfta í höfuðið og verður rúmliggjandi varanlega. Hún verður smátt og smátt sjóndöpur og raddlaus, fáir muna eftir henni nema gamli presturinn sem kemur með brauðmylsnur handa páfuglinum og ræðir við hana um kennisetningar kirkjunnar (235).

Vergangsmáðurinn

Sjá má textatengsl sögunnar við Jobsbók úr Gamla testamenti *Bíbliunnar*. Jobsbók tekst á við guðsréttlætingu (e. *theodicy*) þar sem góðmennska Guðs og réttlæti er varið þegar mennirnir standa frammi fyrir tilvist illsku í heiminum.³⁷ Lesandinn hefur þó ekki mikla samúð með örlögum frú McIntyre ólíkt Job, líklega vegna þess að sagan býður ekki upp á tilfinningalega samliðan með henni. Ólíkt frú McIntyre er örvæntingu Jobs lýst með andmælum hans þegar búið er að taka frá honum börnin, þjónana, eignirnar og líkamlega virðingu en Satan hefur einnig þakið húð hans graftarkýlum. Job harmar ógæfu sína og spyr Guð sinn: „er það þér ávinningur að beita ofbeldi?“ „Hendur þínar mótuðu mig og sköpuðu, síðan snerir þú frá mér og tortímdir mér [...] Minnstu þess að þú mótaðir mig úr leir, ætlar þú að gera mig aftur að mold?“³⁸ Rétt eins og Job hefur frú McIntyre misst allt sem hún átti, hún á sér engan samastað, lifir í einskismannlandi eða á framandi stað eymdarinnar. Í Jobsbók er einsemdinni og skorti á samastað lýst þannig: „eins kemur enginn upp aftur sem fer niður í undirheima. Hann kemur ekki framan í hús sitt og staður hans þekkir hann ekki framar.“³⁹ Drottinn bænheyrir þó að lokum Job, ólíkt frú McIntyre, og gefur honum „tvöfalt það sem hann hafði áður átt“, og Job deyr saddur lífdaga.⁴⁰ Textatengsl verkanna bjóða þó upp á að lesandinn finni til með frú McIntyre, sjái í henni þjáningasystur Jobs og geti treyst því að hún hljóti náð og fyrirgefningu.

³⁷ Jobsbók segir frá ráðvöndum, réttlátum, auðugum og guðhræddum fjölskyldumanni sem heitir Job og er frá Úslandi. Satan segir við Guð að ef Job væri ekki farsæll og auðugur myndi hann snúa baki við Guði. Guð ákveður með aðstoð Satans að reyna hann og tekur allt frá honum, en Job reynist þrátt fyrir þetta trúr Guði sínum. Job gefur sig ekki þrátt fyrir fortölur konu sinnar og segir: „Fyrst vér höfum þegið hið góða af Guði, ættum vér þá ekki einnig að taka hinu vonða?“ *Bíblían*, Reykjavík: Hið íslenska Biblíufélag, 1981, Jb, 2:10.

³⁸ *Bíblían*, Jb, (10:3) og (10: 8–9).

³⁹ Sama heimild, Jb, (7: 9–10).

⁴⁰ Sama heimild, Jb, (42:10) og (42: 17).

Jessica Wilson segir að í verkum sínum undirstriki O'Connor það að höfnunin á Guði sé rót allra vandamála.⁴¹ Frú McIntyre er sú sem hefur verið leyst úr ánaud, svo vitnað sé í orð prestsins hér að framan, og tekur út þjáningu fyrir gjörðir sínar og blindu. Þó má benda á að ekki er alltaf gott að bera kennsl á náðina í verkum O'Connor sem virðist oft birtast frekar eins og efi hjá persónum hennar, sjálfsefi, sjálfsskoðun eða aukin innsýn í sjálfan sig sem eru afleiðingar af því að horfast í augu við vonsku í eigin fari en einnig annarra.

Í bók sinni *Flannery O'Connor and the Language of Apocalypse* ræðir Edward Kessler um það hvernig O'Connor sýni illsku sem verknað sem birtist á dulrænan hátt. Hún hafi einnig lagt áherslu á að hlutverk skáldskaparins sé ekki að setja fram merkingu, heldur afhjúpa hana og O'Connor hafi af þeim sökum átt erfitt með að enda sögur sínar, því hún hafi hafnað orsakasamhengi hefðbundinna frásagna.⁴² En O'Connor bendir einnig á að lífið sjálft bjóði ekki upp á skyndileg svör. Í því samhengi minnst hún Jobs sem var kvalinn af angistarfullum efa. Hún hafði áhyggjur af því að of margir kristnir menn leituðust eftir því að sneiða fram hjá örvæntingarfullum efa Jobs. Kaþólikkar séu mikið fyrir tafarlaus svör en lífið, líkt og Job, skilur okkur eftir með sífellt endurnýjanlegri dulúð.⁴³

Segja má að sögur O'Connor, á borð við „The Displaced Person“, veki lesendur til umhugsunar um þeirra eigin vanmáttugu gæsku og það hversu skammt hún nær. Timothy J. Basselin segir í bók sinni, *Flannery O'Connor. Writing a Theology of Disabled Humanity*, að lesandinn spegli sig og sjái sjálfan sig í líkamlegri gróteskunni sem höfundurinn dregur fram í verkum sínum. Slíkt kalli á siðferðilegan dóm hjá lesanda sem fordæmir það sem hann sér. Hann bætir við að O'Connor vekir lesandann til lífsins sem átti sig á mikilvægi upprunasýndarinnar.⁴⁴ Með öðrum orðum, hann skilur að illskan býr innra með honum. Þessi trú rímar við orð gamla Tarwater í skáldsögu O'Connor *The Violent Bear it Away* en hann ætlaði að gera spámann úr litlum dreng með því „að brenna augun hrein“. ⁴⁵ Tarwater drekkir fatlaða drengnum Bishop en tekst að skíra hann í leiðinni; vatnið drekkir og skírir samtímis, merking getur risið upp úr ódæði, úr tortúmingu getur orðið til sköpun og eldurinn brennir og hreinsar.

⁴¹ Jessica Hooten Wilson, *Giving the Devil his Due*, loc. 122.

⁴² Edward Kessler, *Flannery O'Connor and the Language of Apocalypse*, Princeton: Princeton University Press, 1986, bls. 15–16.

⁴³ Flannery O'Connor, *Mystery and Manners*, bls. 184.

⁴⁴ Timothy J. Basselin, *Writing a Theology of Disabled Humanity*, Waco: Baylor University Press, 2013, bls. 2.

⁴⁵ Flannery O'Connor, *The Violent Bear it Away*, New York: Farrar, Straus & Cudahy, 1955, bls. 34. Tilvitnunin hljómar þannig: „Where is the boy you were going to raise into a prophet to burn my eyes clean?“

Í tengslum við mannskilning O'Connor má minna á hugmyndir sagnfræðingsins James Boyce sem segir að vestræn trúarbrögð séu einstök að því leyti að fólk sé dæmt áður en það fremur siðlausan verknað. Það hafi verið ríkjandi skoðun að fólk fæðist sem syndarar, vegna réttlátrar reiði Guðs, ekki vegna þess sem það gerði heldur vegna þess sem það er. Boyce segir að kennisetningin sé miðlæg fyrir vestrænan skilning á mannleika okkar. Án einhvers konar þekkingar á þessari ráðgátu sé hættan sú að við munum ekki skilja okkur sjálf.⁴⁶

Benda mætti á að ef skáldskapurinn sem O'Connor skrifaði er hafður í huga, óháð túlkun höfundarins, þá er viðfangsefni verkanna kannski síður endurlausn eða náð heldur frekar umkomuleysi okkar gagnvart illsku, hættunni sem henni fylgir og varnarleysi okkar. Það glittir þó í von undir lok sagna hennar. Við eigum öll möguleika þrátt fyrir að við séum sem manneskjur og lesendur á vergangi eða útskiptanleg. Hér má hafa í huga þá túlkun Edwards Kessler á heimspeki O'Connor að hún skilji hið góða sem lífrænt ferli sem er í stöðugri byggingu.⁴⁷ En það merkir að við höfum getu til þess að móta innra með okkur dýpri siðferðilegan skilning með tímanum. Líkt og O'Connor orðar það sjálf: „Fáir hafa starað á hið góða nægilega lengi til að samþykkja að það andlit er einnig gróteskt, að innra með okkur er eitthvað sem er í smíðum. Eiginleiki illskunnar er sá að hún er tjáð á viðeigandi máta“.⁴⁸

Umfjölluninni mætti ljúka á vangaveltum O'Connor um Suðurríkin. Skáldkonan leggur áherslu á að það sem hafi fært Suðrinu sjálfsmynd sína séu skoðanir og trú sem komi frá heilagri ritningu og í gegnum sögu þess af ósigrum og valdbeitingu. Suðrið hafi þróað með sér harmræna sýn með borgarastríðinu sem hafi mögulega bjargað þeim frá útbynningu á trúarlegri sannfæringu. Þessi sýn feli í sér „efasemdir um það sem er óhlutbundið (e. *abstract*), tilfinningu fyrir því að manneskjur séu háðar náð Guðs, að þekking á illsku sé ekki bara vandamál til að leysa heldur ráðgáta sem við eigum að umbera.“⁴⁹

⁴⁶ Sjá James Boyce, *Born Bad, Original Sin and the Making of the Western World*, Collingwood: Black Inc, 2014, bls. 10–12.

⁴⁷ Edward Kessler, *The Language of Apocalypse*, bls. 15.

⁴⁸ Flannery O'Connor, *Mystery and Manners*, bls. 226.

⁴⁹ Ralph C. Wood, *Flannery O'Connor and the Christ-Haunted South*, bls. 105.

ÚTDRÁTTUR

Hér má sjá greiningu á því hvernig sagan, „The Displaced Person“ dregur upp mynd af heimi sem er guðlaus og varpar ljósi á samtíma höfundar en einnig okkar eigin tíma. Persónur verksins eiga það sameiginlegt að sjá ekki feegurð eða helgidóm í umhverfi sínu. Þær eru hræddar og óöruggar og lifa fyrir það að tryggja sína eigin afkomu. Sagan varpar ljósi á samkeppi, kapphlaup á milli einstaklinga og hópa, græðgi og örvæntingarfullar leiðir sem fólk fer til að losna við þá sem ögra afkomu þeirra. Auk þess er rannsakað hvernig sagan leggur áherslu á mikilvægi þess að eiga sér fastan stað og hvernig fólk bregst við þegar öryggi þess er ógnað. Persónur verksins missa heimili sitt og atvinnu, öll nema presturinn, sem sér jafnframt örlítið lengra en aðrir í sögunni. Í einhverjum skilningi eru þau öll á vergangi, heimilislaus eða staðlaus undir lok sögunnar. Sagan á í textatengslum við Jobsbók og segir frá möguleikum náðar á ögurstundu í lífi manneskju sem hefur misst allt sem hún á, eftir að hafa orði vitni að og tekið sjálf þátt í vonskuverki. Góðmennska Guðs er þó skammt undan og birtist í líki páfuglsins hennar, táknmyndar hins helga, þess varanlega, fegurðarinnar og tímaleysis.

Lykilorð: „The Displaced Person“, Flannery O'Connor, guðlaus heimur, Jobsbók, náð

A B S T R A C T

**The „testing point in the eye“: On Evil and Redemption
in the Story „*The Displaced Person*“ by Flannery O'Connor**

This is an analysis of how the story, *The Displaced Person*, portrays a godless world and sheds light on the author's contemporary society as well as our own time. The characters in the work share a common trait; they do not perceive beauty or sanctity in their surroundings. They are fearful and insecure, living solely to ensure their own survival. In this way, the story highlights competition, rivalry between individuals and groups, greed, and the desperate measures people take to eliminate those who threaten their livelihood. Additionally, the story emphasizes the importance of having a permanent place and the steps taken to defend it when one's security is endangered. The characters lose their safety, homes, and employment—all except the priest, who sees a little further than the others. In some sense, they are all wandering, homeless or displaced, by the story's end. The narrative contains intertextual links to the Book of Job and tells of the possibility of grace at a critical moment in the life of a person who has lost everything, after having

ALDA BJÖRK VALDIMARSDÓTTIR

witnessed and participated in an act of evil. However, the goodness of God is not far away and is manifested in the form of her peacock—a symbol of the sacred, the eternal, beauty, and timelessness.

Keywords: „The Displaced Person“, Flannery O’Connor, godless world, Book of Job, grace

ALDA BJÖRK VALDIMARSDÓTTIR

Prófessor í almennri bókmenntafræði

Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands

alda@hi.is